

Farsældarráð á Austurlandi

Verklagsreglur

1. Skipan og hlutverk ráðsins

Svæðisbundið farsældarráð á Austurlandi er samstarfsvettvangur þjónustuveitenda ríkis og sveitarfélaga sem sinna málefnum barna í landshlutanum. Í ráðinu skulu eiga sæti m.a. fulltrúar leik, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu og barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, lögreglu.

Sveitafélögin Múlaþing og Fjarðabyggð skipa tvo fulltrúa hvort, Vopnafjarðarhreppur og Fljótsdalshreppur ein hvort, Lögreglan á Austurlandi, HSA, VA, ME og Íþróttahreyfingin skiptar einn fulltrúa hvor, ungmennráð og foreldráð í hverju sveitafélagi skipa einn fulltrúa hvort.

Á fyrsta fundi skal ráðið kjósa sér formann og varaformann úr hópi fulltrúa sveitafélaga í ráðinu. Nýr formaður og varaformaður skulu kosnir á tveggja ára fresti.

2. Verkefnastjóri

Verkefnastjóri farsældarráðs er starfsmaður landshlutasamtaka sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og starfar í umboði þeirra. Hann hefur umsjón með daglegri starfsemi ráðsins í samráði við formann og ber ábyrgð á samhæfingu, utanumhaldi og upplýsingaflæði milli ráðsins og samstarfsaðila. Verkefnastjóri undirbýr fundi ráðsins í samráði við formann og skráir fundargerðir, tryggir eftirfylgni með samþykktum verkefnum og markmiðum og leiðir mótun og endurskoðun fjögurra ára aðgerðaáætlunar í samstarfi við formann og ráðið. Verkefnastjóri á ekki sæti í farsældarráði og tekur ekki þátt í ákvarðanatöku þess.

3. Fundahald

Ráðið skal halda reglulega fundi, að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Fundir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara. Fundir skulu boðaðir af verkefnastjóra í samráði formann ráðsins.

4. Framkvæmdahópur

Til að tryggja markvissa innleiðingu ákvarðana Farsældarráðs er lagt til að ráðið tilnefni sérstakan framkvæmdahóp. Hópurinn myndi starfa í umboði ráðsins og gegna lykilhlutverki í að brúa bil milli stefnumótunar og framkvæmdar.

Framkvæmdahópurinn bærir ábyrgð á að framfylgja ákvörðunum ráðsins í samstarfi við verkefnastjóra farsældar og viðeigandi þjónustuveitendur. Hann hefði það hlutverk að tryggja virka tengingu við stjórnslu, þjónustukerfi og stofnanir og léki lykilhlutverk í mótun aðgerðaáætlunar Farsældarráðs. Einnig væri framkvæmdahópi falið mikilvægt hlutverk í kortlagningu og greiningu á svæðisbundnum styrkleikum og áskorunum á málefnasviði ráðsins.

Lagt er til að hópurinn yrðir ekki stór, samsettur af 8–10 einstaklingum. Mikilvægt er að hópurinn sé sveigjanlegur, geti brugðist hratt við áskorunum og stuðli að samhentu og samhæfðu innleiðingarferli.



Val og samsetning hópsins

Lagt er til að hver stofnun eða sveitarfélag leggi fulltrúa í framkvæmdahópinn (aðalmanng og varamann):

- **Aðalfulltrúa**, sem er jafnan stjórnandi (t.d. sviðsstjóri eða fagstjóri) með formlegt umboð til ákvarðana og stefnumótunar.
- **Varafultrúa**, sem er sérfræðingur með djúpa þekkingu á daglegum verkefnum og framkvæmd, t.d. verkefnastjóri í farsældarmálum, fjölskylduþjónustu, barnavernd eða skólaþjónustu.

Fulltrúarnir geta setið fundi saman eða skipt með sér verkum eftir eðli máls. Fundir framkvæmdahópsins væru haldnir á 4–6 vikna fresti, og verkefnastjóri farsældar héldi utan um skipulag og eftirfylgni.

Lagt er til að eftirfarandi aðilar eigi aðild að hópnum (aðal + vara):

- Múlaping
- Fjarðabyggð
- Vopnafjarðarhreppur
- Fulltrúi frá framhaldskólunum ME og VA
- Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)
- Lögreglan á Austurlandi
- Svæðisumdæmi ípróttahéraða
- Fulltrúi frá ungmennaráðum, fulltrúi frá foreldrum eða starfsmaður frá félagsmiðstöðvum

Framkvæmdahópur skal skipaður á fyrsta fundir Farsældarráðs

5. Fundaskjöl og eftirfylgni

Fundargerðir skulu ritaðar og bornar upp til samþykktar í lok fundar. Fundargerðir og önnur fundarskjöl skulu vistuð í sameiginlegu svæði á Teams (á Svæði Austurbrúar) sem allir meðlimir hafa aðgang að.

Fundargerðir eru sendar til kynningar til þeirra sem eiga fulltrúa í ráðinu.

Verkefnastjóri ber ábyrgð á eftirfylgni með samþykktum verkefnum og miðlun upplýsinga til hluteigandi aðila.

6. Aðgerðaáætlun til fjögurra ára

Farsældarráð mótir fjögurra ára aðgerðaáætlun sem byggir á stefnu stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarpings og stöðumats á Austurlandi. Áætlunin skal endurspegla svæðisbundnar áskoranir og tækifæri og skilgreina skýr markmið, aðgerðir og mælikvarða um árangur. Verkefnastjóri heldur utan um vinnu ráðsins í samvinnu við formann þess við mótun áætlunarinnar.

Verkefnastjóri tryggir að á meðan að aðgerðaráætlun er í vinnslu verði leitað umsagna allra sveitafélaga og stofnanna sem eiga fulltrúa í ráðinu.

Þegar farsældarráðið hefur samþykkt aðgerðaáætlunina skal hún lögð fyrir bæjarstjórnir aðildarsveitarfélaga og yfirstjórn þeirra opinberu stofnana sem eiga sæti í ráðinu. Aðgerðaáætlunin og innleiðing hennar skal endurskoðuð reglulega, einkum í tengslum við árlega yfirferð á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar, Lýðheilsuvísar Embætti Landlæknis og öðrum viðeigandi greiningum.

Áætlunin er lifandi skjal sem hægt er að laga að breyttum aðstæðum, nýrri þekkingu eða niðurstöðum úr samráðsferlum. Hún skal birt opinberlega á heimasíðum þjónustuveitenda sem eiga aðild að ráðinu.

7. Samráð við notendur

Ráðið skal tryggja reglulegt og markvisst samráð við börn, foreldra og aðra notendur þjónustu. Þetta skal m.a. gert í gegnum samráð við ungmennaráð, foreldraráð og annan sambærilegan vettvang. Ráðið skal einnig leita eftir sjónarmiðum notenda við mótun stefnu og aðgerðaáætlunar.

8. Eftirfylgni með störfum ráðsins

Á hverju ári skal farsældarráð standa fyrir opnum viðburði þar sem fjallað er um stöðu barna á Austurlandi í tengslum við nýjustu niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ), Lýðheilsuvísi Embætti Landlæknis og annarra viðeigandi greininga. Á viðburðinum skulu helstu niðurstöður rannsókna um líðan, velferð og stöðu barna á Austurlandi kynntar og árangur aðgerða aðgerðaáætlunar yfirfarinn í ljósi nýrra upplýsinga.

Fundurinn er jafnframt vettvangur umræðu meðal fagfólks, hagsmunaaðila og samfélagsins um mögulegar breytingar eða lagfæringar á aðgerðaáætlun ráðsins. Sérstök áhersla skal lögð á að tryggja virkt samráð við notendur þjónustunnar, foreldra, börn og ungmenni.

Á tveggja ára fresti skal ráðið vinna skýrslu um framvindu aðgerðaáætlunar farsældarráðs. Skýrslunni skal skilað inn til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og kynnt sveitarfélögum á svæðinu. Tryggja skal að efni skýrslunnar sé aðgengilegt almenningi.

9. Breytingar á verklagsreglum

Verklagsreglur skulu endurskoðaðar reglulega, að lágmarki á fjögurra ára fresti eða við samþykkt nýrrar aðgerðaáætlunar. Breytingar skulu staðfestar af sveitarfélögum og yfirstjórn stofnana sem eiga aðild að ráðinu.